

Ed.

218. Frumvarp

til laga um endurgreiðslu á útflutningsgjaldi af saltsild.

Flutningsm.: Bjarni Snæbjörnsson.

1. gr.

Íslenskum fiskiskipum, er sildveiði stunda hér við land, skal endurgreiða útflutningsgjald af sild, er nemi 75 aurum á hverri uppsaltaðri sildartunnu, sem útflutt er af veiði þeirra.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Engum atvinnuvegi landsmanna hefir verið jafniþyngt með tollum eins og sildveiðum, þar sem útflutningsgjald af sild er nú 1 kr. á tunnu, en ætti að vera 17—25 aurar, samanborið við útflutningsgjald af öðrum útfluttum afurðum. Nú er á uppsiglingu á þessu þingi samningur milli Íslendinga og Norðmanna, sem gerir sildarútvegnum enn örðugra fyrir, verði hann samþykktur. Virðist því full nauðsyn á að styrkja þennan atvinnuveg, sem nauðsynlegur er þjóðarbúinu, áður en hann leggst í rústir, en til þess eru full líkindi eins og nú er stefnt, ef ekkert er aðgert.